

Könnun meðal fjármálastjóra

Leiðin liggur upp á við

Þessi samantekt sýnir niðurstöður úr fyrstu könnun Ráðgjafasviðs Deloitte meðal fjármálastjóra stærstu fyrirtækja á Íslandi. Tilgangur könnunarinnar er að sýna viðhorf fjármálastjóra til stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Ætlunin er að könnunin sé gerð hálfárslega.

Sendur var spurningarlisti til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins og viljum við þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna og vonumst til áframhaldandi þátttöku og samstarfs.

Niðurstöður sýna að meirihluti fyrirtækja stefnir á fjárfestingar á árinu 2014 eða 77% fyrirtækja. Þrátt fyrir áætlanir um fjárfestingar gera fjármálastjórar ekki ráð fyrir aukinni skuldsetningu en 50% fyrirtækja áætla að skuldsetning verði óbreytt og 34% fyrirtækja áætla að draga úr skuldsetningu. Það samræmist áltí fjármálastjóra um að íslensk fyrirtæki séu of skuldbætt.

Aðspurðir um hagkvæmni fjármögnunarleiða telur meirihluti fjármálastjóra að útgáfa hlutafjár og skuldabréfa sé hagkvæm en að lántaka hjá bönkum sé óhagkvæm. Framboð á lánsfé sé til staðar en lánsfé sé dýrt. Fjármálastjórar áætla ekki útgáfu nýrra skuldabréfa eða hlutabréfa á næstunni.

Á næstu 12 mánuðum virðast fyrirtæki ætla að leggja áherslu á stækkun með innri vexti, lækkun kostnaðar, minnkun skuldsetningar, aukningu sjóðsstreymis og koma með nýjar vörur. Helmingur fjármálastjóra telja að hagnaður íslenskra fyrirtækja muni standa í stað á árinu 2014 í samanburði við árið 2013 en 38% fjármálastjóra telja að hagnaður muni aukast. Fjármálastjórar gera ekki ráð fyrir að auka áhættu í efnahagsreikningum fyrirtækja á árinu 2014.

Meirihluta fjármálastjóra eru bjartsýnir um hagvaxtarhorfur á Íslandi til næstu tveggja ára en stór hluti fjármálastjóra telur að hagvöxtur muni standa í stað. Spurt var um mat fjármálastjóra á Úrvalsvisitölu Kauphallarinnar og töldu 63% þeirra að visitalan muni hækka nokkuð á árinu. Aðspurðir um stýrivexti Seðlabanka Íslands telur yfirgnæfandi meirihluti fjármálastjóra stýrivextina of háa.

Tengiliður:

Árni Jón Árnason
Meðeigandi, Ráðgjafasvið
Sími: 580-3036
aja@deloitte.is

Ábyrgðarmaður:


Ágúst Heimir Ólafsson
Sviðsstjóri Ráðgjafasviðs
Sími: 580-3056
aho@deloitte.is

Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu Deloitte:
www.deloitte.is

Ráðgjafasvið Deloitte veitir fyrirtækjum, lögaðilum og einstaklingum fjármálatengda þjónustu og ráðgjöf. Sérfræðingar leitast við að tryggja að lausnin skili árangri og skilji eftir verðmæta þekkingu hjá viðskiptavininum.

Á heimasíðu Deloitte má sjá upplýsingar um þjónustuframboð Ráðgjafasviðs Deloitte, www.deloitte.is


1. Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar á komandi ári?
Ef svo er, hverskonar fjárfestingar?




Fjármögnun fyrirtækja

Útgáfa nýs hlutfjár og skuldabréfa er talin hagkvæm fjármögnunarleið en ekki ný lántaka.


2. Telur þú að útgáfa nýs hlutfjár sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?



3. Telur þú að útgáfa skuldabréfa sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




4. Telur þú að ný lántaka hjá bönkum sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




5. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi almennt við um íslensk fyrirtæki?

Íslensk fyrirtæki eru talin vera of skuldsett. Fyrirtæki ætla almennt að halda skuldsetningu óbreyttri eða draga úr skuldsetningu.




6. Hver er líkleg þróun þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?




7. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á nýju lánsfé fyrir fyrirtæki?

Meirihluti fjármálastjóra telur að mikið framboð af lánsfé sé til staðar en að kostnaður við lánsfé sé hár.




8. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um kostnað við nýtt lánsfé fyrir fyrirtæki?



Verðlagning á markaði

9. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMX16 vísitöluna í lok árs 2014?

Spurt var um skoðanir fjármálastjóra á verðbréfamarkaði. Almennt er spáð nokkurri hækkun OMX16 vísitölnunnar á árinu 2014.




Á fyrstu fjórum mánuðum ársins hefur vísitalan lækkað um 7,3%.


10. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa

Skiptar skoðanir eru um ávöxtunarkröfu skuldabréfa. Meirihluti fjármálastjóra telur hana vera eðlilega en 37% telur hana of háa.

Yfirgnæfandi meirihluti telur að stýrivextir Seðlabankans séu of háir.




11. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um stýrivexti Seðlabanka Íslands?




12. Telur þú að hagvöxtur á Íslandi á næstu tveimur árum muni:

Meirihluti fjármálastjóra er bjartsýnn um hagvaxtarhorfur til næstu tveggja ára og telur að hagvöxtur á Íslandi muni aukast. Stór hluti telur þó að hagvöxtur muni standa í stað.




13. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um verðmat á atvinnuhúsnæði?




Staða fyrirtækja

14. Áætla þú að hagnaður íslenskra fyrirtækja á árinu 2014 í samanburði við árið 2013 muni:

Meirihluti fjármálastjóra telur að hagnaður standi í stað eða aukist á árinu 2014 í samanburði við 2013.




15. Telur þú fjárhagslegar horfur fyrirtækis þíns hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?




16. Hefur fjárhagsleg áhætta fyrirtækis þíns breyst á síðustu 12 mánuðum?

Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu varðandi rekstur eða verðmat eigna, vaxtastígs og/eða næmni fyrir gengisbreytingum.




17. Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?




Fjárhagsleg áhætta hefur almennt staðið í stað og fjármálastjórar telja ekki að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi

18. Telur þú líklegt að fyrirtæki þitt muni auka skuldsetningu á næstu 12 mánuðum með útgáfu skuldabréfa eða lántöku?


Fjármálastjórar stefna ekki á að auka skuldsetningu á næstu 12 mánuðum og telja ólíklegt að nýtt hlutafé verði gefið út.



19. Telur þú líklegt að fyrirtæki þitt gefi út nýtt hlutafé á næstu 12 mánuðum?



20. Hver telur þú að þróunin verði í fjölda samruna og yfirtaka á Íslandi á næstu 12 mánuðum?




Um fyrirtækin


21. Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?

Flest svör fengust frá fyrirtækjum í smásölu/heildsölu.


Meirihluti fyrirtækja telur að vaxtataækifæri séu svipuð og voru á árinunum 2007-2008




22. Hver var velta fyrirtækisins á síðasta ári?



23. Hvert er hlutfall tekna í erlendri mynt og í evru af heildartekjum?




24. Hvernig metur þú vaxtataækifæri fyrirtækisins í dag í samanburði við stöðuna fyrir hrun 2008?



25. Á hvað af eftirfarandi verður lögð áherslu á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum? Merkja má við fleiri en einn valkost.

Flest fyrirtækin stefna á að lækka kostnað og stækka með innri vexti.

Mörg fyrirtæki stefna einnig á að minnka skuldsetningu, kynna nýjar vörur og auka sjóðsstreymi.





Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee ("DTTL"), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as "Deloitte Global") does not provide services to clients. Please see www.deloitte.com/about for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte's more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.

© 2014. For information, contact Deloitte ehf.